

2000090048  
8509; 9310

Glæðir ehf  
Birgir Þórisson  
Klausturvegi 4  
880 Kirkjubæjarkl.

Reykjavík, 4. desember 2000  
/--

### **Efni: Fiskeldisstöð að Teygingarlæk, Skaftárhreppi. Ákvörðun um matsskyldu.**

Vísað er til erindis Benedikts Lárussonar byggingarfulltrúa á Kirkjubæjarklaustri dags. 18. október 2000 þar sem samkvæmt 6. gr. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er óskað eftir ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu bleikjueldisstöðvar Glæðis ehf. með 90 tonna ársframleiðslu í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi.

Skipulagsstofnun leitaði álits Skaftárhrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra. Álit bárust frá Skaftárhreppi með bréfi dags. 17. nóvember 2000, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 16. nóvember 2000, Náttúruvernd ríkisins með bréfi dags. 20. nóvember 2000, Hollustuvernd ríkisins með bréfi dags. 22. og 30. nóvember 2000 og veiðimálastjóra með bréfi dags. 13. nóvember 2000. Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með símbréfi dags. 29. nóvember 2000.

### **Fyrirhuguð framkvæmd samkvæmt framlögðum gögnum framkvæmdaraðila**

Í greinargerð Glæðis ehf. til Skipulagsstofnunar dags. 10. september 2000 kemur fram að um er að ræða nýja fiskeldisstöð með 90 tonna ársframleiðslu af bleikju í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi. Framkvæmdin felur í sér nýja veltengingu, stíflu og myndun tæplega 9000 m<sup>2</sup> lóns, verkfæra- og fódurgeymslu, 14 ker og miðlunartanka. Vatn til stöðvarinnar verður fengið úr lækjum sem koma undan Eldhrauni en ekki úr sjálfu Eldvatninu og er áætluð vatnsnotkun um 300 l/sek. Fóðurnotkun er á bilinu 115 - 130 tonn. Frárennsli stöðvarinnar verður hreinsað í fellitjörnum áður en það er losað í Eldvatnið um 300 m neðan við fyrirhugaða bleikjueldisstöð. Úrgangur úr fellitjörnum verður síðan nýttur sem áburður. Mjög lítið gróið land, eða um 0,5-1,0 ha fari undir vatn og annað jarðrask sé hverfandi. Það er álit framkvæmdaraðila að framkvæmdin muni ekki hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

### **Álit umsagnaraðila**

Skaftárhreppur telur, að teknu tilliti til eðlis og staðsetningar fyrirhugðarar bleikjueldisstöðvar,

að hún skuli undanþegin mati á umhverfisáhrifum.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands telur ofangreinda framkvæmd ekki matsskylda og gerir ekki athugasemdir vegna heilbrigðis- og mengunarvarnamála að svo stöddu. Fram kemur að samfara vinnu við deiliskipulag og starfsleyfi verði sett fram ákvæði um mengunarvarnir.

Veiðimálastjóri telur ekki nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar að því gefnu að viðkomandi stöð fái engöngu heimild til eldis á bleikju. Ef um aðrar tegundir væri að ræða þyrfti að hafa náíð samráð við embætti veiðimálastjóra sbr. reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna.

Náttúruvernd ríkisins hefur skoðað aðstæður við Teygingarlæk og gerir engar athugasemdir við staðsetninguna svo framarlega sem frágangur verði góður og hraunjaðri verði ekki raskað. Að því tilskildu að notaður sé bleikjustofn af svæðinu, mengunarvarnir og sjúkdómavarnir verði eins og best verður á kosið og tryggt sé að fiskur sleppi ekki úr fiskeldisstöðinni telur Náttúruvernd ríkisins ekki ástæðu til að fyrirhuguð framkvæmd fari í mat á umhverfisáhrifum. Náttúruvernd ríkisins leggur áherslu á að í starfsleyfi sé kröfum fylgt eftir.

Hollustuvernd ríkisins fellst á að framkvæmdin sé ekki háð mati á umhverfisáhrifum skv. 2. og 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Hollustuvernd áskilur sér rétt til að gera athugasemdir við hreinsibúnað og mun skoða aðstæður á staðnum áður en starfsleyfi verður veitt.

### **Niðurstaða Skipulagsstofnunar**

Um er að ræða bleikjueldisstöð með 90 tonna ársframleiðslu í landi Teygingarlækjar í Skaftárhreppi sem samkvæmt 6. gr. og lið 1 g í 2. viðauka í lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum ber að tilkynna til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu.

Í umsögnum hafa m.a. komið fram ábendingar um að ekki sé nauðsynlegt að fram fari mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar að því gefnu að stöðin noti bleikjustofn af svæðinu og að hraunjaðri verði ekki raskað. Í umsögn veiðimálastjóra, sem er leyfisveitandi skv. reglugerð nr. 105/2000 um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna, er það ekki gert að skilyrði að nýta bleikjustofn af svæðinu í bleikjueldisstöð að Teygingarlæk og tekur Skipulagsstofnun undir það. Við tilhögun framkvæmdar verði hraunjaðri ekki raskað í nágrenni stöðvarinnar.

Í samræmi við 6. grein laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu framkvæmdaraðila við tilkynningu. Á grundvelli gagna framkvæmdaraðila og að fengnu áliti Skaftárhrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Hollustuverndar ríkisins, Náttúruverndar ríkisins og veiðimálastjóra er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð bleikjueldisstöð að Teygingarlæk í Skaftárhreppi skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 6. grein laga nr. 106/2000 má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfísráðherra. Kærufrestur er til 8. janúar 2001.

Hólmfríður Sigurðardóttir

Afrit: Umhverfísráðuneytið, Skaftárhreppur, Heilbrigðiseftirlit Suðurlands, Hollustuvernd ríkisins, Náttúruvernd ríkisins og veiðimálastjóri.